

Reglur um ferðaheimildir

Samþykkt í framkvæmdastjórn 28. febrúar 2007.

Fastráðnir kennarar Háskólans á Akureyri auk vísindamanna, fræðimanna og sérfræðinga með a.m.k. 40% rannsóknaskyldu og hlotið hafa hæfnisdóm, geta sótt um ferðastyrki úr ferðasjóði Háskólans. Skilyrði er að sýnt sé fram á faglegan og/eða vísindalegan tilgang fararinnar. Ráðstöfunarfé ferðasjóðs Háskólans á Akureyri fer eftir ákvörðun háskólaráðs við afgreiðslu fjárhagsáætlunar skólans. Almennt er miðað við að háskólakennarar geti sótt um ferðastyrk annað hvert ár að hámarki kr. 225.000.

Aðrir starfsmenn skólans sem hafa háskólapróf geta sótt um ferðastyrki. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsækjandi hyggist afla sér færni og fróðleiks fyrir starf sitt við skólann. Hámark slíkra styrkja er kr. 100.000 annað hvert ár.

Þrátt fyrir heimild til að veita ferðastyrk að hámarki 225.000 annað hvert ár takmarkast heildarferðastyrkir deilda við fjárveitingar hverju sinni.